

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er öðlist gildi 1. janúar 2003.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 27/1998 með áorðnum breytingum, breytist þannig: Fast gjald hitaveitu og heimæðargjald hitaveitu hækkar um 5%. Bráðabirgðaheimæðar hækka um kr. 6.000 án virðisaukaskatts.

Iðnaðarráðuneytinu, 10. desember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað að auki heimilisuppbót að fjárhæð kr. 16.960 á mánuði.

Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbót.

Um skerðingu skv. 2. mgr. gilda sömu reglur og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna. Þó skal frítækjumark heimilisuppbótar aldrei vera lægra en efra tekjumark tekjutryggingarauka einhleypings.

2. gr.

4. tölul. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. desember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.